

- b. Um aðra báta og skip fer eftir samkomulagi við hafnarnefnd. 219
- c. Öll skip eða bátar, sem fiskveiðar eða hvers konar aðra veiði stunda frá Hjarðardal eða leggja afla sinn á land innan takmarka hafnarinnar, skulu greiða í hafnarsjóð 1 kr. af hverjum 1000 kg nýs fiskjar og skal formaður greiða gjaldið þegar aflaskipti fara fram og í síðasta lagi við lok hvernar vertíðar. Formaður og útgerðarmaður bera sameiginlega ábyrgð á að gjöld þessi séu greidd. 18. des.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 400 krónum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Hjarðardals.

8. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1942 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. desember 1941.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

220

um breyting á gjaldskrá fyrir notkun rafmagns í Húsavíkurhreppi. 18. des.

1. gr.

Í 1. málsgr. 1. gr. skulu í stað „40 krónur“ koma: 60 krónur, og í stað „30 aurar“ komi: 48 aurar.

Í 2. málsgr. 1. gr. skulu í stað „20 aura“ koma: 30 aura.

Í 3. málsgr. 1. gr. skulu í stað „20%“ koma: 25%.

2. gr.

Í 2. gr. skulu í stað „6 — sex — krónur“ koma: 8 — átta — krónur.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem hreppsnefnd Húsavíkurhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. janúar 1942, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. desember 1941.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.